
menning

menning@frettabladid.is



UNDUR Markmið sýningarinnar er að endurvekja undrun fyrri tíma, á tímum þegar fátt kemur lengur á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Listin að koma á óvart

Hafnarborg ★★★

Í bili

Samsýning í sýningarstjórn Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur

Sýningin stendur til 23. október. Opið 12-17 alla daga nema þriðjudaga og opið til 21 á fimmtudögum

Á síðasta ári efndi Hafnarborg til samkeppni um sýningarhugmyndir – kemur þannig til móts við aukinn fjölda sýningarstjóra hérlendis og eflir um leið eigin starfsemi. Hugmynd Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur, Í bili, var valin. Ólöf er menntaður mannfræðingur en hefur fikrað sig inn á vettvang sýningarstjórnar á mörkum mannfræði og lista. Í sýningarskrá segir Ólöf hugmynd sína snúast um að „endurvekja samband töfra og safnmuna“. Hún skrifar um uppruna nútímasafna á sextándu öld. Ferðalangar og landkönnuðir endurreisnartímans sneru heim frá fjarlægum löndum með furðugripi, komu fyrir í skápum og síðar í svonefndum „Wunderkammer“, herbergjum þar sem skoða mátti allt milli himins og jarðar.

Lykilorðið hér er wunder, eða undur, undrun. Markmiðið sýningarinnar er að einhverju leyti að endurvekja þessa undrun fyrri tíma, í dag þegar ekkert kemur lengur á óvart. Við höfum séð allt. Þetta var líka markmið súrrealista á fyrri hluta 20. aldar: að koma á óvart. Kippa fótunum undan vanafastri hugsun okkar, skapa tómarúm þar sem eitthvað nýtt getur átt sér stað.

Í Hafnarborg er líka svolítið sem kemur á óvart, enginn kemst hjá því að líta hissa í kringum sig þegar upp er komið. Af hverju? Það segi ég ekki hér, til að skemma ekki upplifunina. Deila má þó um þessa nálgun við viðfangsefnið og hugsanlega er hún full bókstafleg. Ef til vill hefði mátt nýta sýningarrýmið á annan hátt með áhugaverðari niðurstöðu.

Listamenn sem sýna eru þau Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, Daníel Björnsson, Gretar Reynisson, Haraldur Jónsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Ingirafn Steinarsson, Jeannette Castioni, Magnús Árnason, Olga Bergmann og Ólöf Nordal. Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir eru tvíeykið Hugsteypa og Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson og Lievens Dousselaere mynda þríeykið Skyr Lee Bob. Mörg nöfnin hér eru kunnugleg, allt flottir listamenn en stundum er eins og það sé svolítið sama fólkið sem leitað er til ár eftir ár til að koma með verk á samsýningar.

Í heildina er sýningin forvitnileg, skrýtin og skemmtileg eins og hugmyndafræðin að baki býður upp á. Þó er hægt að nálgast viðfangsefnið á gagnrýnan hátt líka, vinna með það og staðsetja það í samtímanum eins og fram kemur í myndbandsverkum Jeannette Castioni, en Jeannette varpar fram áleitnum spurningum um hlutverk og ímynd menningar og safngripa í huga einstaklingsins. **Ragna Sigurðardóttir**

Niðurstaða: Skemmtileg og forvitnileg sýning leitast við að koma áhorfandanum á óvart og tekst það ágætlega. Einstaka verk ristir dýpra og í heildina eru öll verk sýningarinnar forvitnileg og ná að skapa saman áhugaverða heild.

Stórglæsileg skrifstofuhæð

til leigu



- 500 fm, á efstu hæð
- Hlíðasmára 1, Kópavogi
- Laus strax
- Upplýsingar í síma 824-0220 eða 899-8077

Summit - Fasteignafélag









Augl. Pörh. 3009.1

Hverjar eru orsakir titrings á eigna- og gjaldeyrismörkuðum?

Málstofa á vegum Hagfræðideildar

Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Hátíðasal.
Fimmtudaginn
15. september kl. 12-14



Robert Z. Aliber er fyrrverandi prófessor við Chicago háskóla

Í fyrirlestri sínum mun Robert Aliber fjalla um óstöðugleika á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum í sögulegu samhengi. Hann mun velta fyrir sér þeirri spurningu að hversu miklu leyti sveiflur í gengi gjaldmiðla og sveiflur hlutabréfaverðs og fasteignaverðs megi rekja til alþjóðlegra þátta, annars vegar, og starfsemi innlendra fjárfestinga- og viðskiptabanka hins vegar.

Meðal áhugaverðra spurninga sem hann mun leitast við að svara er hvort bankahrunið hér á landi hafi fremur átt rætur að rekja til ástands alþjóðlegra fjármálamarkaðar eða eftirlitsleysis og áhættusækni innlendra aðila.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Samtök fjárfesta
www.hluthafar.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐDEILD

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós, Háskóli Íslands og KÍM kynna:

Kínversku kvikmyndina

Meistari Ip (Ip Man, 2008)

Sýnd í Odda 101, 15. sept. kl. 18

Hádegisfyrirlestur
Kristjáns L. Guðlaugssonar,

"Maóistar á Íslandi í skugga kalda stríðsins."

16. september, 13:20-14:20, Lögberg 102



Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS